



HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið
b.t. Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra
Hafnarhúsinu
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 12. júlí 2016
1501931 RE

Efni: Atvinnumál fatlaðs fólks

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðarkaupstaðar sótti um styrk til nýsköpunar í atvinnumálum fatlaðs fólks samkvæmt lið B.4 í Framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks. Markmið með verkefninu var að auka nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal fatlaðs fólks og skapa fötluðu fólki aðstæður til að vinna að nýsköpun og nýjum verkefnum. Markmiðið var að brúa bilið á milli útskriftar úr námi og yfir í vinnu á almennum markaði fyrir þá sem stefna á slíkt. Styrkur fékkst í verkefnið frá hausti 2015 út árið 2016.

Í september 2015 hófst verkefnið í samvinnu við Vinnumálastofnun og fékk heitið "Geitungar." Starf Geitunganna hefur gengið gríðar vel. Meðfylgandi er skýrsla um starf Geitunganna veturinn 2015-2016. Fram kemur að farnar eru nýjar leiðir í atvinnumálum fatlaðs fólks, önnur sveitarfélög hafa greitt fyrir aðkomu að verkefninu og síðast en ekki síst er það að nýtast notendum afar vel.

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar hefur lagt áherslu á að Geitungar séu nýsköpunarverkefni sem sé komið til að vera en ekki sé um átaksverkefni að ræða. Leitað hefur verið eftir aðkomu velferðarráðuneytisins að verkefninu fyrir næsta ár en þau svör fengist að fjármunir sem ætlaðir eru í atvinnumál fatlaðra séu ráðstafaðir í önnur verkefni. Undirrituð vill lýsa yfir vonbrigðum með þá niðurstöðu en í viðræðum við ráðuneytið við upphaf verkefnisins mátti skilja að ráðuneytið myndi styrkja verkefnið áfram.

Hér með er ítrekuð ósk um styrk til verkefnisins á árinu 2017.

Geitungarnir eru nýsköpunarverkefni sem hefur tekist vel til og er samfélagslega mikilvægt að sú starfssemi fái að halda áfram að blómstra og dafna. Hafi ráðherra áhuga á að kynna sér starfið nánar veitir undirrituð fúslega frekari upplýsingar auk þess sem Geitungar taka vel á móti gestum.

Virðingarfyllst,



HAFNARFJÖRÐUR

Rannveig Einarsdóttir

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar

Afrit: Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður fjölskylduráðs